


Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana



Grand Hótel í Reykjavík

18. maí 2011

Dagskrá

- Setning, formaður
- Ragna Árnadóttir fyrrverandi ráðherra, erindi
- Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðins starfsárs
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins
- Lagabreytingar
- Stjórnarkjör
- Kosning fulltrúa í starfskjaranefnd
- Kosning tveggja endurskoðenda félagsreikninga og jafn marga til vara
- Ákvörðun árgjalds
- Starfskjarmál – skýrsla starfskjaranefndar og umræður
- Önnur mál
 - Ályktun um kjaramál forstöðumanna

FFR

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Ársskýrsla 2010 - 2011



Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

Stjórn 2010-2011

Aðalstjórn:

Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands sem gaf kost á sér til formanns

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins

Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofu

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar

Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaðurinn í Vík

Varastjórn:

Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Ingibjörg Sverrisdóttir, Landsbókavörður

Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund

Stjórnin 2010-2011



Á myndina vantar önnur Birnu Práinsdóttur sýslumann í Vík

Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

Starfskjaranefnd

- Með lagabreytingum á aðalfundi 2010 var áréttað að innan FFR skuli starfa sérstök þriggja manna starfskjaranefnd.
- Hlutverk að gæta almennra kjaratengdra hagsmuna félagsmanna, m.a. annast almenn samskipti við Kjararáð, stjórnvöld. Einn fulltrúi fyrrverandi forstöðumanna skal eiga sæti í starfskjaranefnd.
- Eftirfarandi voru kosin einróma í starfskjaranefnd:
 - Steingrímur Ari Arason, forstjóra Sjúkratrygginga Íslands,
 - Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjórinn á Suðurnesjum
 - Magnús Jónsson fyrrverandi Veðurstofustjóri (Þorkell Helgason fyrrv. Orkumálastjóri tók sæti hans á þessu ári)

Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

- Aftur annasamt ár, enn umbrotatímar
- Tvær ályktanir samþykktar á aðalfundi og sendar til stjórnvalda:
 - Mikilvægi samráðs og faglegra vinnubragða við sameiningu stofnana
 - Ósamræmi í launakjörum forstöðumanna ríkisstofnana.
- Byggðar voru upp væntingar um samráð og samvinnu hjá ríkisstjórn sem ekki hafa staðist
 - Fundir ekki haldnir mánuðum saman
 - Tafir á öllu sem hægt er að tefja
 - Erinum ekki svarað
 - Niðurstöður nefnda ekki nýttar



Skýrsla stjórnar starfsárið 2009-2010

Félagsfundir 2010-2011

- Félagsfundur 27. nóvember 2010
Kjaramál, samráðsnefnd um aðahlds og sparnaðaraðgerði, fréttir frá starfkjaranefnd
- Jólafundur 9. desember 2010. Gestur Guðni Jóhannesson sagnfræðingur, hann las upp úr bókinni um Gunnar Thoroddsen
- Félagsfundur 12. janúar 2011: Staðan í vinnu starfskjaranefndar, Árnassjóðurinn, siðareglur í opinberri stjórnsýslu og hugmyndir um nýjar aðferðir við launasetningu og stöðuveitingar æðstu stjórnenda



Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

Fundur stjórnar FFR 14. febrúar 2011
með Umboðsmanni Alþingis

- Rætt um ýmis áhyggjuefni sem uppi eru í stjórnarsýslunni
 - Seinagang og meint lögbrot Kjararáðs við að ákvarða laun forstöðumanna.
 - Dvínandi trausti á stjórnarsýsluna
 - Víða mikið vinnuálag
 - Alvarlegt misræmi í lagasetningu vegna sameininga stofnana og ráðuneyta.



Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

- **Athugasemdir við lagafrumvörp**
- Frumvarp um niðurlagningu Varnarmálastofnunar
- Breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins,
- Breytingar á starfsmannalögum
- Ný upplýsingalög

- Fulltrúar í stjórn FFR sóttu fundi nefnda Alþingis til að fylgja eftir umsögnum og svara spurningum þingmanna.



Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

- **Samráðsnefndin um aðhalds og sparnaðaraðgerðir í fjármálaráðuneytinu**
- Í nefndinni sátu fyrir hönd FFR Ásta Valdimarsdóttir forstjóri Einkaleyfastofunnar og Lárus H. Bjarnason rektor Menntaskólans við Hamrahlíð. Vegna breytinga á störfum Ástu tók Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins sæti í hópnum síðla sumars 2010. Umfjöllunarefni hópsins á starfsárinu 2010-2011 s.s.
 - upplýsingagjöf til forstöðumanna frá ráðuneytum
 - yfirfærslur fjárheimilda á milli ára
 - árangursstjórnun
 - fækkun fjárlagaliða
 - starfsmannamál
 - fækkun stofnana
 - opinber innkaup
- Mikil vonbrigði að nefndin hefur ekki verið kölluð saman á þessu ári þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir FFR um það.




Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

- **Starfskjaramálin**
- Starfskjaranefnd FFR undir forystu Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur vann ötullega að því á starfsárinu 2010-2011 að afla upplýsinga um stöðuna í kjaramálum forstöðumanna auk þess að þrýsta á að Kjararáð vinni samkvæmt lögum.
- Einnig vann nefndin að því að skoða hvaða leiðir séu færar til að koma fram leiðréttingum vegna alvarlegrar skerðingar á kaupmætti forstöðumanna umfram aðra samanburðarhópa.
- Upplýsingum og greinargerð um þessa alvarlegu stöðu var komið á framfæri við Kjararáð þann 14. desember 2010. Enn hafa svör ekki borist vegna þessa.



Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011



Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

- **Fundur með fjármálaráðherra 2. febrúar 2011**
- Formaður FFR átti fund með Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra til að ræða kjara- og réttindamál Fundin sat einnig Gunnar Björnsson skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu
 - Fjármálaráðherra sagðist vilja bæta úr varðandi kjör og aðstæður forstöðumanna
 - Fjármálaráðherra sagðist meta mikils þann árangur sem forstöðumenn eru að ná í störfum sínum við hagræðingu ofl.
 - Ráðherra sagði frá því að hann hyggðist skipa nefnd til að koma með tillögur um fyrirkomulag varðandi ráðningar, launasetningu, umbun, tilfærslur í starfi og leiðir til starfsloka fyrir forstöðumenn.


Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

- **Starfshópur um kjör forstöðumanna**
- Fjármálaráðherra óskað eftir því í bréfi til FFR þann 21. mars 2011 að félagið tilnefndi 2 fulltrúa í starfshóp um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna.
- Umfjöllunarefni hópsins: skilgreining á hlutverki stjórnenda, hæfnisskilyrði og ráðningartími, fyrirkomulag launaákvörðunar, aðferðir við mat á hæfni og árangri, þjálfun og endurmenntun, hreyfanleiki í starfi, stjórnþæki og lagaumhverfi og fjárhagsleg ábyrgð.
- FFR tilnefndi Stefán Eiríksson lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og Margréti Friðriksdóttur Skólameistara Menntaskólans í Kópavogi.



Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

- **Málþing á starfsárinu 2010-2011**
- Málþingin og námskeiðin voru almennt vel sótt og í heild komu um 1200 manns á morgunverðarfundi og námskeið haust 2010 og vor 2011.
- Meðalþátttaka á hverjum fundi var um 160 manns haustið 2010 og um 90 manns vorið 2011.
- Kynjaskipting fyrirlesarar var þannig að karlar voru 27 en konur 24.
- 8 karlar voru fundarstjórar og 2 konur.



Skýrsla stjórnar starfsárið 2009-2010


- Heimasíðan www.ffr.is
- Upplýsingar um um starfsemi félagsins
- Ýmsar krækjur, gagnlegar upplýsingar.
- Félagsmenn eru hvattir til að koma með ábendingar til stjórnar FFR um heimasíðuna



The screenshot shows the homepage of the FFR website. At the top, there is a navigation bar with the FFR logo and the text "FFR - Félag forstöðumanna ríkisstofnana". Below the navigation bar, there are several menu items: "Forsíða", "Fréttir og tilkynningar", "Fundargerðir", "Um FFR", and "Fréttabréf". The main content area is divided into two columns. The left column contains a "Nýtsamir tenglar" section with a list of links, including "Áætlun um jöfnuð í ríkisjarmálum 2009 til 2013 - Skýrsla fjármálaráðherra", "Dreimibréf starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis", "Endurnám einhagsstíflsins - Ísland.is", "Fjáragæfufurinn", "Fréttabréf stjórnenda", "Inflúensa.is", "Kjararáð", "Kjarasamningar og tengt efni", "Réttarheimildavefur", "Starfatorg", "Stjórnendavefurinn", "Upplýsingar um starfskjör þeirra sem heyrja undir stjórn", "Vefrit fjármálaráðuneytis", "Virki.is", and "Starfsendurhæfingarsjóður". The right column features a "Velkominn á vefsíðu FFR" section with a welcome message and a list of bullet points: "eða kynni félagsmanna", "stuðla að samstarfi félagsmanna", "vinnu að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum þeirra, almennt", "vera tengiliður við stjórnvöld varðandi gagnkvæm málefni", "eða kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars", and "stuðla að fræðslustarfi meðal félagsmanna". Below this, there is a "Nýjustu fréttir" section with two news items. The first item is dated 26.04.2010 and is titled "Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana". The second item is dated 09.04.2010 and is titled "Ályktun frá stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana". At the bottom of the page, there is a "Fundargerð frá fundi Samtaka atvinnulífsins um skipulag heilbrigðiskerfisins" section, dated 06.04.2010.

Skýrsla stjórnar starfsárið 2010-2011

- **Að lokum:**
- Starfið hjá stjórn og starfskjaranefnd Félag forstöðumanna ríkisstofnana var annasamt á starfsárinu 2010-2011.
- Mikil áhersla var lögð á fræðslu og miðlun upplýsinga um góða og faglega stjórnarsýslu
- Brýnna en áður að leggja áherslu á að tryggja að farið sé að lögum við að ákvarða laun og önnur kjaratengd atriði hjá forstöðumönnum ríkisstofnana. Það virðist blasa við að á þeim vettvangi þurfi að láta reyna á þau lög sem um þetta fjalla s.s. lög um Kjararáð.



Dagskrá

- Setning, formaður
- Ragna Árnadóttir fyrrverandi ráðherra, erindi
- Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðins starfsárs
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins
- Lagabreytingar
- Stjórnarkjör
- Kosning fulltrúa í starfskjaranefnd
- Kosning tveggja endurskoðenda félagsreikninga og jafn marga til vara
- Ákvörðun árgjalds
- Starfskjarmál – skýrsla starfskjaranefndar og umræður
- Önnur mál
 - Ályktun um kjaramál forstöðumanna

Tillögur uppstillinganefndar á næstu stjórn FFR 2011 – 2012

- **Aðalstjórn:**
 - Magnús Guðmundsson, formaður
 - Anna Birna Þráinsdóttir
 - Gissur Pétursson
 - Ingibjörg Sverrisdóttir
 - Magnús Skúlason
- **Varastjórn:**
 - Már Vilhjálmsson
 - Sigríður Lillý Baldursdóttir
 - Sveinn Margeirsson

Tillögur uppstillinganefndar um starfskjaranefnd FFR 2011 – 2012

- Steingrímur Ari Arason, formaður
- Kristín Völundardóttir
- Indriði H. Þorláksson

Ályktun aðalfundar Félags forstöðumanna ríkisstofnana, 18. maí 2011 um rýrnun starfskjara og meint lögbrot kjararáðs

Á grundvelli laga nr. 148/2008 voru laun forstöðumanna ríkisstofnana lækkuð um 5-15% hinn 1. mars 2009 og hafa síðan haldist óbreytt. Lögin voru samþykkt á Alþingi í desember 2008 og áttu upphaflega að gilda til ársloka 2009, en voru ári síðar framlengd til 30. nóvember 2010 með lögum nr. 127/2009. Að meðaltali lækkuðu laun forstöðumanna ríkisstofnana um 9,2% í mars 2009. Síðan þá hefur verðlag hækkað um 11,8% og kaupmáttur launanna samanlagt rýrnað um 18,8%.

Eftir að launin voru síðast hækkuð fyrir þremur árum í maí 2008 hefur verðlag á hinn bóginn hækkað um 22,9% og kaupmáttur launa forstöðumanna ríkisstofnana samanlagt lækkað um 26,1%. Frá mars 2009 og fram að gerð nýrra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nú í maí 2011 hækkuðu laun í landinu að meðaltali um 8,4% samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar. Með öðrum orðum, á sama tíma og kaupmáttarskerðing forstöðumanna ríkisstofnana var 18,8% rýrnaði kaupmáttur launa almennt um 3,0%.

Lögskipað kjararáð ákveður laun og starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana og ætti lögum samkvæmt að vera búið að afturkalla launalækkunina frá í mars 2009 fyrir löngu. Daginn sem inngrípi löggjafans lauk 30. nóvember 2010 fundaði starfskjaranefnd FFR og formaður FFR með kjararáði. Farið var yfir stöðu mála og báðir aðilar lýstu yfir vilja til samstarfs. Síðan þá hefur ekkert gerst í málefnum forstöðumanna ríkisstofnana og kjararáð ítrekað virt erindi FFR og einstakra félagsmanna að vettugi.

FFR krefst þess að kjararáð afturkalli án frekari tafa launalækkunina frá 1. mars 2009 og að afturköllunin gildi frá 1. desember 2010. Sinnuleysi kjararáðs er ómálefnalegt og andstætt lögum nr. 47/2006 um ráðið. Jafnframt er þess krafist að laun og starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana verði þegar í stað endurskoðuð í samræmi við ákvæði 8. og 10. gr. laga um ráðið. Verði kjararáð ekki við framangreindum kröfum er eðlilegt að þeim sé fylgt eftir með málsókn á hendur ráðinu. Meint lögbrot kjararáðs snýst ekki aðeins um laun og starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana heldur grefur það undan trausti og virðingu fyrir íslenskri stjórnarsýslu. Við það verður ekki unað.

Dagskrá

- Setning, formaður
- Ragna Árnadóttir fyrrverandi ráðherra, erindi
- Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðins starfsárs
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins
- Lagabreytingar
- Stjórnarkjör
- Kosning fulltrúa í starfskjaranefnd
- Kosning tveggja endurskoðenda félagsreikninga og jafn marga til vara
- Ákvörðun árgjalds
- Starfskjarmál – skýrsla starfskjaranefndar og umræður
- Önnur mál
 - Ályktun um kjaramál forstöðumanna